

Af sveigmönnum og sannlíki

Bókarhöfundur: **Jóhann Hauksson**

Bókarheiti: **Þræðir valdsins: Kunningjavelði, aðstöðubrask og hrun Íslands**

Gagnrýnandi: **Silja Bára Ómarsdóttir**, aðjúnkt við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands

Útgáfa: **Veröld, Reykjavík 2011. 198 bls. (þar af 18 bls. heimildir og tilvísanir)**

Í umsögn gagnrýnenda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Hagsmunatengslum milli valdhafa á sviði viðskipta og stjórnmála í íslensku samfélagi eru gerð góð skil í bókinni og hún dregur saman þekkingu sem hefur legið á ólíkum stöðum, en eflaust búið í hugum margra. Bókin er aðgengileg og vel skrifuð, þótt nokkuð sé um endurtekningar á köflum. ... Styrkur bókarinnar er hið stóra samhengi sem hún skapar um atburðarásina, sem okkur er flestum kunn, og hún er jafnframt glögg greining á valdi í íslensku samfélagi. Þetta er þar af leiðandi bók sem óhætt er að mæla með fyrir þá sem vilja reyna að skilja betur það sem átti sér stað hér í tengslum við hrunið.“

Af sveigmönnum og sannlíki

Þræðir valdsins, bók Jóhanns Haukssonar um hrun stjórnmála og hagkerfis á Íslandi, er verðugt framlag varðandi uppgjör Hrunsins. Í bókinni er ekki mikið um nýjar upplýsingar en Jóhann gerir meira til að setja þær upplýsingar, sem hafa verið í fréttum og almennri umræðu, í fræðilegt samhengi en flestar „hrunsbækur“ hingað til hafa gert. Með þessu varpar hann nýju ljósi á ýmsa þætti hrunsins og þess samfélags sem skapaði aðstæður til þess að það gæti átt sér stað. Í umræðu hér heima er því gjarnan haldið á lofti hversu einstæðar aðstæður séu í íslensku samfélagi og því sé engin leið til að beita erlendum mælikvörðum á „séríslenskar“ aðstæður. En Jóhanni tekst að draga saman bæði umræðuna hér heima, pólitíska atburðarás, og niðurstöður norrænna, evrópskra og bandarískra fræðimanna, til að benda á að í raun sé það sem hér gerðist um margt dæmigert fyrir hvernig fer í samfélagi þar sem valdi er misbeitt og ótti stjórnar ákvörðunum margra.

Bókarhöfundur gagnrýnir hvernig farið var með vald á Íslandi á árunum fyrir hrun. Stjórnmalamenn sátu beggja vegna borðsins í ýmsum málum og tóku pólitískar ákvarðanir sem þeir – eða flokksbræður þeirra – högnuðust persónulega á, t.d. við stofnun Eignarhaldsfélagsins Fasteignar (bls. 148) og Keilis (bls. 146). Þessa menn kallar Jóhann „sveigmenn“ og vísar til skilgreiningar mannfræðingsins Janine Wedel, en slíkir menn skilgreina og samræma „almanna- og einkahagsmuni í þágu sérhagsmuna“ og sniðganga lýðræðislega ákvarðanatöku (bls. 148). Wedel gengur þó enn lengra en Jóhann virðist sjálfur tilbúinn til að gera, en hún segir að „sveigmenn hafi í hendi sér að skilgreina sjálfa hagsmunina og hafi þar með tök á að samræma þá“ (bls.

37). Það þarf ekki að fylgjast lengi með íslenskum stjórnámálum til að sjá dæmi birtast um þetta, og þau eru raunar mýmörg í bókinni.

Jóhann gagnrýnir ekki eingöngu valdhafa í samfélaginu, heldur einnig þá sem þjóna þeim. Þannig tekur hann hugtakið „truthiness“, sem margir þekkja eflaust frá grínaranum Stephen Colbert, og bendir á hvernig sveigmennirnir, sem er lýst hér að ofan, hafi greiddan aðgang að álitum sérfræðinga og framleiði þannig „sannleika á skilmálum valdhafa“ eða sannlíki (bls. 106). Veruleikinn verður þannig mótaður á forsendum þeirra. „Sannleikur verður til í krafti valdsins og getur hæglega stutt valdhafa á ýmsum sviðum í opinberri orðræðu ... vald [er] samofið veruleikanum og getur í slíkum búningi hæglega komið almenningi fyrir sjónir sem ópólitískt fyrirbæri.“ (bls. 164).

Jóhann hefur mikla yfirsýn yfir íslenskt atvinnulíf og stjórnámál. Slíkt er þó ekkert einsdæmi, flestir þeirra sem hafa skrifað um hrunið, hafa yfirsýn yfir persónur og staðreyndir. Það sem greinir þessa bók frá öðrum er að hér er gerð tilraun til að setja þessar staðreyndir í stærra samhengi, undirbyggja greiningu og afbyggja „sannleikann“, sem, eins og Jóhann bendir á, er gjarnan settur fram á forsendum þeirra sem valdið hafa. Hagsmunatengslum milli valdhafa á sviði viðskipta og stjórnamála í íslensku samfélagi eru gerð góð skil í bókinni og hún dregur saman þekkingu sem hefur legið á ólíkum stöðum, en eflaust búið í hugum margra. Bókin er aðgengileg og vel skrifuð, þótt nokkuð sé um endurtekningar á köflum. Helsti veikleikinn er að niðurstöður eru eingöngu settar fram í punktaformi og mættu gjarnan vera ítarlegri. Styrkur bókarinnar er hið stóra samhengi sem hún skapar um atburðarásina, sem okkur er flestum kunn, og hún er jafnframt glögg greining á valdi í íslensku samfélagi. Þetta er þar af leiðandi bók sem óhætt er að mæla með fyrir þá sem vilja reyna að skilja betur það sem átti sér stað hér í tengslum við hrunið.